

Vika	Hvað á að gera	Markmið	Leiðir
Október	Pema: Geimurinn Kurteisi Samkennd	Vekja athygli barnanna á því sem er fyrir ofan okkur. Himininn er stór og þar er margt að sjá, tungl, sól, stjörnur, regnbogi ofl. Við ætlum líka að læra að vera kurteis og sína öðrum samkennd.	Lesu bækur, horfa til himins, vinna verkefni í listasmiðju, fara í vettvangsferðir, tala saman, vinna saman.
	Listasmiðja	Markmiðið með listasmiðju er að kveikja áhuga, efla forvitni og sköpunargleði ásamt því að ýta undir sjálfstraust og ímyndunarafli. Unnið með árstíðir, liti, form, beitingu á áhöldum, dygðaverkefni og áherslur úr námskrá.	Umræður, skoða ólíkan efnivið og nota ólík verkfæri við gerð verkefna eins og blöndun lita, þræða með nál, stimpla hendur og ræða um kurteisi, búa til hljóðfæri eftir eigin höfði.
	Hreyfing / útvera	Markmið með hreyfingu er að efla hreyfiproska, sjálfstraust og skynjun barnsins á líkama sínum. Fullnægja hreyfipörf þess og stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan. Auka skilning á mikilvægi hreyfingar í daglegu lífi.	Þrautabraut á deild, útvera, íþróttir í Síðuskóla
	Vettvangsferð	Markmiðið með vettvangsferðum er að efla hreyfiproska og þol barnanna, einnig að þau kynnist sínu nánasta umhverfi og víkki sjóndeildarhringinn smátt og smátt.	Gönguferðir í nágrenni leikskólans.
	Hópastarf	Fræðast um dygðirnar kurteisi og samkennd. Fræðast um himingeiminn, hvað er það og hvað er þar að sjá. Læra að þekkja liti, form, tölustafi, bókstafi og ýmis hugtök s.s. staðsetningarhugtök, persónufornöfn ofl.	Lesu bækur, horfa á þætti um sólkerfið, vinna verkefni í listasmiðju, fara í vettvangsferðir og horfa til himins. Vinna saman í hópaverkefnum þar sem reynir á samvinnu einstaklinga.
	Frjáls leikur - útvera	Leikurinn er lífstjáníng barnsins, þar sem fram fer sjálfsnám. Leikurinn býður upp á flæði, nýja þekkingu, tilfinningar, leikni og umburðarlyndi. Frjáls leikur er sjálfsprottinn þar sem leiknum er stjórnað af börnum en ekki fullorðnum, án takmarkana raunveruleikans þar sem allar hugmyndir eru réttar og allt er mögulegt.	Nota allar lausar stundir, inni og úti til að leika frjálst og skapa.